

**137. stjórnarfundur Náttúrustofu Vestfjarða  
Fimmtudaginn 22. september 2022, kl. 10:15-12:15**

**Fundargerð**

Fundinn sátu: Sigurður Halldór Árnason, Bragi Þór Thoroddsen í stað Sigríðar Gísladóttur sem er í leyfi frá stjórnarsetu, Guðrún Anna Finnbogadóttir og Smári Haraldsson.

**1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar.**

Lögð fram fundargerð 136. stjórnarfundar, sem staðfest hafði verið í tölvupósti af stjórn og forstöðumanni. Fundargerðin yfirfarin og samþykkt.

**2. Ársfundur 2022.**

Lagt fram fundarboð um samráðsfund (ársfund) Náttúrustofu Vestfjarða fimmtudaginn 22. september 2022.

**3. Verkefnastaða.**

Forstöðumaður fór yfir verkefni sumarsins og þau verkefni sem framundan eru. Helstu verkefni sumarsins hafa verið vöktun á náttúru, hafi og fuglum. Þjónustumælingar vegna vegagerðar, grunnrannsóknir vegna virkjana, umhverfismælingar vegna fiskeldis og fjöldi fornleifarannsókna. Þá hefur NAVE tekið að sér vinnu fyrir Breiðafjarðarnefnd.

Umhverfissvottun Vestfjarða er í gangi en leggja þarf meiri vinnu í heimasíðu verkefnisins.

Ný verkefni eru framundan varðandi laxalús, náttúruannsóknir í eyjum Breiðafjarðar, fornleifarannsóknir, framkvæmd umhverfismats vegna fiskeldis og fleiri rannsókna vegna fyrirhugaðra virkjana á Vestfjörðum.

**4. Húsnæðismál.**

Forstöðumaður lýsti vilja sínum til að leigja nýja aðstöðu fyrir Náttúrustofuna í húsnæði í Vatneyrarbúð á Patreksfirði, sem verið er að gera upp og áætlað er að verði tilbúið í mars 2023. Stjórn lýsti ánægju sinni með nýja og bætta aðstöðu á Patreksfirði.

Þá tjáði forstöðumaður að hann hyggist segja upp aðstöðunni að Höfðagötu 3 á Hólmavík, þar sem starfsmaður stofunnar á Ströndum og Reykhólahreppi nýti aðstöðu að Stóra Fjarðarhorni í Kollafirði.

**5. Fjárhagur.**

Framlag ríkisins til Náttúrustofunnar árið 2022 er 28,6 milljónir króna. Framlög aðildarsveitarfélaganna er því 8.598.749 kr fyrir árið 2022 auk leiðréttingar fyrir árið 2021 upp á 1.800.000 kr samtals 10.398.749 kr.

Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2023 er ekki gert ráð fyrir viðbót við fjárlagaramma og framlag til vöktunar til allra náttúrustofanna verði því lækkað um 48 milljónir sem var viðbótarframlag á síðasta áis. Gert er ráð fyrir að framlag til fuglavöktunar náttúrustofa hækki um 21 milljón; væntanlega vegna fyrirliggjandi samninga.

Áætlað er að tekjur verði aðeins hærrí en áætlun gerir ráð fyrir og fjárhags niðurstöður ársins verði hagstæðar.

**6. Starfsmannamál – fært í trúnaðarbók**

**7. Önnur mál.**

Formaður benti á að lesa þurfi yfir heimasíðu Náttúrustofunnar og leiðrétta villur.

Fleira var ekki gert.

Fundi slitið.

**Bolungarvík 22. september 2022**  
**Guðrún Anna Finnbogadóttir**